


*Alþingi*  
*Erindi nr. P 130/1022*  
*komudagur 20.2.2004*



VÉLSTJÓRAFÉLAG ÍSLANDS


Nefndasvið Alþingis,  
samgöngunefnd,  
Þórshamri v/Templarasund,  
150 Reykjavík.

Reykjavík 18. janúar 2004

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Siglingastofnun Íslands nr. 6/1996, 467. mál.

Segja má að efnisatriði frumvarpsins séu þrjú. Frumvarpið kveður á um hvernig haga beri birtingu á kóðum og stöðlum sem gefnir eru út af Alþjóðasiglingastofnuninni. Það kveður einnig á um að Siglingastofnuninni skuli falið eftirlit og framkvæmd siglingaverndar. Einnig setur frumvarpið skýrari reglur um fyrir hvaða efni og þjónustu stofnunin hafi heimild til að taka gjald fyrir.

Að stærstum hluta er frumvarpið tilkomið vegna breytinga á starfsemi stofnunarinnar. Vélstjórafélag Íslands telur að efnisatriði frumvarpsins séu í fullu samræmi við breyttan starfsvettvang stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,  
f.h. Vélstjórafélags Íslands  
  
-----  
Helgi Laxdal, formaður

Fagmenn til sjós og lands!